

Þroskamat 3 mánaða

Ef barnið getur ekki **eitt atriði** í viðkomandi þroskamati en engar aðrar áhyggjur eru til staðar, er yfirleitt nóg að gefa ráðleggingar og athuga nánar í næstu heimsókn nema annað sér tilgreint í leiðbeiningum í töflu. Ef barnið getur ekki **tvö atriði eða fleiri** þarf að huga vel að öðrum þáttum og vísa áfram til barnalæknis eða annarra sérfræðinga til nánari athugunar.

	Lýsing	Framkvæmd/lýsing	Úrlausn ef frávik
Grófhreyfingar	Heldur höfði í nokkrar sekúndur	Barnið situr í fangi foreldris og snýr fram. Foreldri heldur um bol barnsins en gætir þess að barnið halli sér ekki aftur á bak til stuðnings. Fylgst er með hvort það geti sjálft haldið höfðinu stöðugu í nokkrar sekúndur	Ráðleggingar til foreldra Skoða í samhengi við aðra þroskætti Aukaskoðun 4 mánaða Ef barn heldur ekki höfði 4 mánaða þá tilvísun til sjúkraþjálfara og e.t.v. barnalæknis
Fínhreyfingar	Skoðar hendur	Fylgst er með hvort barnið skoðar á sér hendurnar eða leikur sér að því að horfa á og hreyfa hendur sínar	Ráðleggingar til foreldra Athuga í næstu heimsókn (5 mán) *
Samskipti og leikur	Þekkir móður	Fylgst er með hvort barnið sýnir merki þess að þekkja móður, t.d. með brosi, breytingu á svipbrigðum eða annarri virkni þegar móðir talar til þess	Skoða í samhengi við aðra þroskætti og áhættuþætti Hafa í huga tengslamyndun
	Sýnir leikfangi áhuga	Athugað er hvort barnið horfir greinilega á leikfang sem haldið er í sjónlínu þess í a.m.k. 3 sek. Fylgst er með hvort barnið sýnir merki um áhuga á leikfanginu, s.s. með svipbrigðum, eða breytingu í hreyfivirkni t.d. aukningu handahreyfinga	Ráðleggingar til foreldra Skoða betur í næstu heimsókn (5 mán) *
Vitsmuna- og málþroski	Hjalar	Hlustað er eftir hvort barnið hjalar greinilega og myndar a.m.k. tvö mismunandi hljóð (önnur en grát) eða hvort sama eða sömu atkvæðin heyrast endurtekið, t.d. gú, ía, ui, la, ma	Ráðleggingar til foreldra Skoða betur í næstu heimsókn (5 mán) *

* Ef enn ekki til staðar við 5 mánaða aldur, skoða nánar